



## Atvinnuleysi jókst minna í desember en reikna mátti með

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var almennt skráð atvinnuleysi í desember 10,7% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og hafði aukist úr 10,6% frá því í nóvember. Um 26.500 manns voru á atvinnuleysissskrá, þar af um 21.400 atvinnulausir og um 5.100 atvinnulausir í minnkuðu starfshlutfalli.

Atvinnuleysi sem tengist hlutabótaleið var áfram 1,4% og var óbreytt milli mánaða.

Heildaratvinnuleysi í desember var því 12,1% samanborið við 12,0% í nóvember og jókst þannig um 0,1 prósentustig. Samkvæmt upplýsingum Vinnuálastofnunar hafa einungis 20% þeirra sem fengu hlutabætur á árinu 2020 komið aftur inn á atvinnuleysissskrá þannig að hlutabótakerfið virðist hafa sannað gildi sitt.


Almennt atvinnuleysi jókst nær stöðugt allt árið í fyrra og hafa sveiflur í því einungis tengst hlutabótaleiðinni. Meðalatvinnuleysi ársins var 7,9% sem er veruleg hækkun frá 3,6% meðalatvinnuleysi í fyrra. Meðalatvinnuleysi karla á árinu var 7,8% og 7,9% meðal kvenna.

Almennt er reiknað með að atvinnuleysi minnki þegar líður á árið 2021 samhliða því að tók náist á faraldrinum og landið opnast meira. Atvinnuleysi í upphafi ársins 2021 verður væntanlega á bilinu 11,3-11,7% samkvæmt spá Vinnuálastofnunar - það var 4,8% í janúar 2020. Það er því um langan veg að fara þar til svipuðu atvinnuleysisstigi og var á árinu 2019 verður aftur náð.

### Suðurnesin orðið langverst úti


Almennt atvinnuleysi á Suðurnesjum var 21,9% í desember og hlutabótaatvinnuleysi 1,5%, samtals 23,4%. Almennt atvinnuleysi þar er því rúmlega tvöfalt meira en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem það var næst mest, eða um 10,6%. Þriðja mesta atvinnuleysið var á Suðurlandi, 10%. Minnsta atvinnuleysið var á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra eins og verið hefur.

Atvinnuleysi 2020



Heimild Vinnuálastofnun

Þróun skráðs atvinnuleysis



Heimild: Vinnuálastofnun



## Langtímaatvinnuleysi eykst mikið

Alls höfðu 4.213 manns verið án atvinnu í almenna kerfinu í meira en 12 mánuði í lok desember, en þeir voru 1.648 í desemberlok 2019. Fjölgun langtímaatvinnulausra hefur því verið um 2.565 milli ára. Þá hefur þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði einnig fjölgað mikið. Þeir voru 6.661 í lok desember en 2.172 fyrir ári.

## Fjölgun atvinnulausra í öllum greinum á árinu

Atvinnulausum í almenna kerfinu fjölgaði í öllum atvinnugreinum milli desembermánaða 2019 og 2020. Aukningin var mest í ferðatengdri starfsemi, t.d. í farþegaflutningum og gistinguþjónustu. Þá var töluverð aukning í menningartengdri þjónustu. Minnsta aukningin var í sjávar tengdri starfsemi, byggingariðnaði, upplýsingatækni, fjármála- og tryggingastarfsemi, auk þjónustu og verslunar og vöruflutningum.

Hvað starfsstéttir varðar fjölgaði atvinnulausum mest meðal skrifstofufólks, sérmenntaðra og starfsmanna við ýmis þjónustustörf. Minnsta aukningin var meðal starfsmanna í sjávarútvegi, verkafólks, iðnaðarmanna og við sölu- og afgreiðslustörf.


## Mikið atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara

Um 8.700 erlendir ríkisborarar voru atvinnulausir í almenna kerfinu í lok desember, en það svarar til um 24% atvinnuleysis í þeim hópi. Auk þess voru um 1.500 erlendir ríkisborgarar á hlutabótaleið og því má ætla að heildaratvinnuleysi erlendra ríkisborgara hafi verið nálægt 27,0% í desember. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisskrá er nú um 41% og hefur verið í kringum 40% frá því haustið 2019, fyrir utan vormánuðina 2020, þegar atvinnuleysi var sem mest.

## Árangur varðandi faraldurinn skiptir öllu


Það er ljóst að árangur næst ekki að neinu ráði í baráttunni við atvinnuleysið fyrr en landið nær að opnast meira. Í því sambandi skiptir ekki einungis máli hver staðan er hér á landi, ástandið í heimalöndum væntanlegra ferðamanna skiptir ekki síður máli. Nú hefur verið ákveðið að taka upp litakerfi við landamærin í takti við önnur Evrópulönd þann 1. maí og þannig reynt að auka

Almennt atvinnuleysi í nóvember og desember 2020




Heimild: Vinnuálastofnun

Atvinnuleysi eftir kynjum



Heimild: Vinnuálastofnun

Hlutfall erlendra ríkisborgara af fjölda atvinnulausra



Heimild: Vinnuálastofnun



fyrirsjáanleika varðandi komur til Íslands næsta sumar. Árangur í bólusetningum hér og annars staðar skiptir mestu máli í þessu sambandi.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.